

Greinargerð frá Bjarna Ármannssyni, stjórnarformanni REI, Hauki Leóssyni, stjórnarformanni Orkuveitu Reykjavíkur og Hjörleifi B. Kvaran, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur:

## Atburðarás í aðdraganda sameiningar REI og GGE

**25. janúar 2007** – Úr fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur:

*Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnarformanns (GPP).*

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að eignarhluti Orkuveitu Reykjavíkur í Enex hf. verði settur í sérstakt hlutafélag, eignarhaldsfélag, sem Orkuveita Reykjavíkur eigi ásamt Landsvirkjun, Nýsköpunarsjóði og Íslenskum orkurannsóknum.*

*Forstjóra verði falið að undirrita stofnsamþykktir og önnur skjöl vegna þessarar ráðstöfunar.*

*Tillögunni fylgir greinargerð.*

*Tillagan samþykkt.*

*Ennfremur samþykkt að fela forstjóra og framkvæmdastjóra lögfræðisviðs að vinna tillögu um hvernig Orkuveita Reykjavíkur standi að útrásarverkefnum í framtíðinni og leggja fyrir næsta stjórnarfund.*

*Stjórnin ítrekar áður fram komin sjónarmið um frekari kaup í Enex hf. ef í boði verður.*

**7. mars 2007** – Úr fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur:

*Lögð fram svohljóðandi tillaga forstjóra (GP) og aðstoðarforstjóra (HBK):*

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að stofna hlutafélag utan um útrásarstarfsemi OR. Félagið hafi sérstakan fjárhag og stjórn. Til félagsins verði lagt hlutafé OR í Enex hf. og Enex Kína ehf. og önnur þau verkefni sem OR stendur að á erlendri grund. Til félagsins leggi OR auk þess hlutafé, allt að 2 milljörðum króna sem notað verði til þátttöku í félögum og verkefnum með öðrum aðilum sem stunda útflutning á íslenskri tækniþekkingu og fjárfestingar í vistvænum orkutækifærum á erlendri grund.*

*Greinargerð fylgir tillögunni.*

*Samþykkt.*

*Greinargerðin með tillögunni er svohljóðandi:*

*Á stjórnarfund 25. janúar sl. var forstjóra og framkvæmdastjóra lögfræðisviðs falið að vinna tillögu að því hvernig Orkuveita Reykjavíkur standi að útrásarverkefnum í framtíðinni og leggja fyrir næsta stjórnarfund.*

*Orkuveita Reykjavíkur hefur verið í fararbroddi við að skapa íslenskri tækni og þekkingu á jarðhita og vistvænum orkumálum viðurkenningu erlendis. Orkuveitan er það íslenskra orkufyrirtækja sem best er þekkt erlendis og er því talið mikilvægt að hún komi að útrás íslenskrar jarðhitapekkingar og mikil ásókn er í að hafa OR meðal eigenda*

*útrásarfyrirtækja. OR er um 25% eigandi að Enex og á þriðjung í Enex-Kína. Þá er OR einnig þátttakandi í nokkrum verkefnum sem verið er að skoða erlendis.*

*Hlutfé verður greitt inn til félagsins á næstu misserum eftir því sem starfsemin og verkefni þróast.*

*Rétt þykir þar sem starfsemi þessi verður sífellt umfangsmeiri að hafa hana í sérstöku hlutfélagi þar sem ábyrgð er takmörkuð og eigendur OR því ekki í ábyrgð fyrir félagið. Þá er hugsanlegt að taka samstarfsaðila beint inn í félagið.*

*Mikill áhugi er meðal íslenskra aðila á fjárfestingum í vistvænni orku erlendis t.d. Geysir Green Energy hf, Atorka hf og Enex hf. Tvö fyrst nefndu félögin hafa óskað eftir samstarfi við OR um útrás.*

**11. júní 2007** – Reykjavík Energy Invest ehf. formlega stofnað.

Eftirtaldir voru kjörnir í stjórn:  
Björn Ársæll Pétursson, formaður  
Haukur Leósson  
Björn Ingi Hrafnsson

**23. ágúst 2007** – Úr fundargerð stjórnar REI:

*Lagðar fram hugmyndir að samkomulagi um fyrirkomulag formlegs samkomulags Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavík Energy Invest.*

*Samþykkt að gera drög að samningi Orkuveitu Reykjavíkur á framlögðum nótum þó með “First right of refusal” í stað einkaréttar REI á hugverkum og þjónustu OR.*

*Samþykkt að aðstoðarforstjóri Orkuveitunnar kanni og tryggi réttarstöðu vörumerkja, Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjavík Energy og Reykjavík Energy Invest.*

*Formaður (BÁP) biðst lausnar frá stjórnarsetu. Boðaður verður hlutahafafundur vegna þess 30. eða 31. ágúst.*

*Fundarmenn færðu fráfarandi formanni þakkir fyrir gott starf í þágu Reykjavík Energy Invest.*

**11. september 2007** – Hluthafafundur í REI. Bjarni Ármannsson kjörinn í stjórn REI.

**11. september 2007** – Stjórnarfundur í REI. Bjarni Ármannsson kjörinn formaður stjórnar REI.

Úr fundargerð stjórnar:

*Samþykkt að bjóða OR að auka hlut sinn í félaginu um kr. 2.600.000.000 á genginu 1,0, sem greitt verði fyrir 1. febrúar 2008. Fallist OR á það er forstjóra REI falið að ganga frá hlutafjárhækkuninni.*

*Lagt var fram samkomulag milli OR og Bjarna Ármannssonar dags. 11. september 2007 og hluthafasamningur milli Sjávarsýnar ehf. og OR. Stjórn REI samþykkir að beita heimild sinni til hækkunar hlutafjár í félaginu um kr. 391.244.870- til að mæta*

*skuldbindingum þeim sem fram koma í framangreindum gögnum. Bjarni vék af fundi við afgreiðslu þessa máls.*

Bjarni keypti á genginu 1,278.

**17. september 2007** – Úr fundargerð stjórnar REI

*Ákveðið að reyna að fá Jón Diðrik Jónsson sem ráðgjafa til félagsins um málefni er lúta að stefnumótun, skipulagi o.fl. Stjórnarformanni heimilað að ganga frá samningi við hann. JDJ verði heimilt að kaupa hluti í REI f að kaupverði 30 mkr. á sama gengi og stjórnarformaður keypti hlutabréf á fyrr í mánuðinum. Jafnframt var samþykkt að auka hlutafé félagsins til að mæta þessu.*

**20. september 2007** – Haldinn fundur stjórnar og forstjóra REI (HL, BIH, BÁ, GÐ) með fulltrúum Geysir Green Energy og FL-Group (HSm og JÁJ). Ákveðið var í framhaldi af fundinum að láta á það reyna hvort sameina eigi fyrirtækin.

**22. september 2007** – Stjórnarformaður REI (BÁ) á fund með stjórnarformanni GGE (HSm) og lagður grunnur að þáttum er varðað geti sameiningu félaganna, verðmætamati hvors um sig og hlutafjáraukningu. Stjórnarformaður REI semur minnisblað í framhaldi af fundinum.

Úr minnisblaði BÁ:

**23. september 2007** – Stjórnarformaður REI (BÁ) og stjórnarformaður OR (HL) afhenda og kynna minnisblaðið fyrir borgarstjóra á löngum fundi á heimili hans. Borgarstjóri lýsir sig samþykkan áformum um sameiningu REI og GGE á þeim forsendum sem í minnisblaðinu greinir.

**24. september 2007** – Stjórnarformaður REI, stjórnarformaður OR og stjórnarformaður GGE handsala samkomulag um sameiningu REI og GGE.

**25. september 2007** – Stjórnarformaður OR (HL) afhendir forstjóra OR (HBK) minnisblað BÁ og felur honum að undirbúa sameininguna og öll þau gögn sem leggja þarf fyrir stjórn og eigendur OR.

**1. október 2007** – Samþykkt á fundi stjórnar REI að selja félagi í eigu starfsmanna OR og 17 tilgreindum starfsmönnum OR og REI nýtt hlutafé í félaginu.

**2. október 2007** – Haldinn kynningarfundur fyrir meirihluta borgarstjórnar og fulltrúum Akraness og Borgarbyggðar um samruna REI og GGE. (GÐ, HL og HBK kynntu)

**3. október 2007** – Kynningarfundur með fulltrúum minnihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur í stjórn OR um samruna REI og GGE. (GP, HL og HBK kynntu)

**3. október 2007** – Kynningarfundur fyrir meirihluta borgarstjórnar. (GP og HL kynntu)

**3. október 2007** – Samþykkt á fundi stjórnar REI að breyta fyrri ákvörðun varðandi hlutafjárkaup tilgreindra starfsmanna eftir samráð og samþykki hlutaðeigandi. Tekin ný ákvörðun um sölu nýs hlutafjár til 11 starfsmanna OR og REI.

**3. október 2007** – Fundur stjórnar og eigenda Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir fjórar tillögur varðandi samruna REI og GGE.

Fundargerð í viðhengi.

Ábendingar:

Liður 2 er í samræmi við samþykkt stjórnar REI frá 11. september 2007.

Liður 3 er í samræmi við samkomulag sem getið er um á minnisblaði BÁ, Skref í samruna, tl. 2, og kynnt var borgarstjóra 23. september.

Liður 4 er í samræmi við sama minnisblað, Skref í samruna tl. 6.

Liður 5 er í samræmi við aðalefni sama minnisblaðs.

**6. október 2007** – Á fundi í stjórn REI er gerir BÁ grein fyrir ósk borgarstjóra um að fallið verði frá sölu nýs hlutafjár til tilgreindra starfsmanna OR og REI. Tillaga flutt þar að lútandi og samþykkt.

Reykjavík, 15. október 2007

Bjarni Ármannsson

Haukur Leósson